

# Saga Gullbringusýslu

## **Gullbrynga**

Í bókinni Landnám Ingólfs II eftir Magnús Grímsson er þess getið að Gullbringusýsla sé kenni við fornkonuna *Gullbryngu* og munnmæli herma að hún hafi átt kornakra í Sáðgerði (Sandgerði).

## **Kjalarnesþing**

Skv. Járnsíðu (1271) og Jónsbók (1281) var landinu skipt í 12 þing (umdæmi) Suðurnes voru í Kjalarnesþingi.

## **Gullbringusýsla**

Gullbringusýsla er fyrst getið 1535 og Kjósarsýsla er fyrst getið 1637. Mörk milli sýslanna voru lengst af við Elliðaár.

## **Gullbringu- og Kjósarsýsla**

Gullbringu- og Kjósarsýsla voru sameinaðar með konunglegri tilskipun 19. mars 1754.

## **1781 - Landfógeti og Sýslumaður Kjósarsýslu**

Skv. tilskipun 28. júní 1781 voru Landfógeta falin fjármál og löggæsla í Gullbringusýslu. Sýslumaður Kjósarsýslu verður héraðsdómari í Gullbringusýslu.

## **1803 - Reykjavík verður sérstakt lögsagnaumdæmi**

Reykjavík varð að sérstöku lögsagnarumdæmi með konungsráskurði 15. apríl 1803 og þar skipaður sérstakur bæjarfógeti.

## **1806 - Héraðsdómari fer með sýsluvöld**

Með konungsráskurði 9. maí 1806 voru fjármál og löggæsla færð frá Landfógeta til héraðsdómara í Gullbringusýslu, sem fór þá með öll sýsluvöld.

## **1874 – Reykjavík sameinað Gullbringu- og Kjósarsýslu**

Árið 1874 var bæjarfógetaembættið í Reykjavík sameinað sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

## **1878 – Bæjarfógeti skipaður í Reykjavík og embættin aðslilin**

Reykvíkingar undu sambúðinni illa og 16. ágúst 1878 voru embættin aðskilin á ný og sérstakur bæjarfógeti skipaður í Reykjavík.

Allt land Reykjavíkur var áður í Seltjarnarneshreppi. Með lögum 1923 stækkaði Reykjavík með yfirtöku jarða í Mosfellshreppi.

## **1878 til 1908 – Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu**

Landshöfðingi samþykkir að skipta Álfthaneshreppi 17. september 1878 í tvo hreppa, Bessastaðahrepp og Garðahrepp. Hafnfirðingar undu þessu illa og vildu vera sér og eftir 30 ára baráttu verður Hafnarfjörður kaupstaður 1. júní 1908. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu verður einnig Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## **1903 - Gullbringu- og Kjósarsýslu skipt í tvö sýslufélög.**

Samþykkt á Alþingi 3.10.1903 að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö sýslufélög. Annað er hin forna Kjósarsýsla og Seltjarnarneshreppur. Hitt er Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnarhreppur, og Grindavíkurhreppur. Eitt sýslumannsembætti, með aðsetur í Hafnarfirði, fór með málefni beggja sýslna. Með lögnum voru mörk milli sýslanna flutt frá Elliðaám að hreppamörkum Seltjarnarneshrepps þar sem þau lágu þá að mörkum Garða- og Bessastaðahrepps.

## **1955 - Bæjarfógetinn í Kópavogi**

Seltjarnarneshreppi var skipt 1948 í Seltjarnarneshrepp og Kópavogshrepp.

Kópavogur varð kaupstaður 1955 og fór undan sýslunni. Sigurgeir Jónsson var skipaður bæjarfógeti í Kópavogi 11. ágúst 1955.

### **1938 – Lögreglustjórinn í Keflavík**

Með lögum 16/1934, undirskrifuð í Amalúborg 25. janúar 1934 af Christian R. (Kristján tíundi (R.=Rex (konungur))) var ákveðið að skipa lögreglustjóra í Keflavíkurbæ og skyldi hann einnig fara með dómsvald í lögreglumálum, innheimtu opinberra gjalda, fúgetavald og hreppstjórastörf í Keflavíkurbæ. Embættinu var komið á laggirnar 1. janúar 1938 og Alfreð Gíslason var skipaður lögreglustjóri, reyndar frá 31. desember 1937.

### **1949 – Bæjarfúgetinn í Keflavík**

1. apríl 1949 fær Keflavíkurbæ kaupstaðarréttindi og lögreglustjórinn verður jafnframt bæjarfúgeti í Keflavík. Auk lögreglumála og dómsvalds í þeim fer hann nú með önnur dóms- og umboðsstörf í Keflavík.

### **1954 - Lögreglustjórinn á Keflavíkurbflugvelli**

Með bráðabirgðalögum sem sett voru 19. janúar 1954 var embætti Lögreglustjórans á Keflavíkurbflugvelli komið á fót. Þann 8. apríl 1954 voru samþykkt lög á Alþingi um lögreglustjóraembættið og tóku þau þegar gildi. Umdæmið var samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna tók til og eru eign ríkisins. Lögreglustjórinn fór með sömu störf og sýslumenn og bæjarfúgetar.

### **1972 – Lögreglumenn verða ríkisstarfsmenn og dómari skipaður í Keflavík**

Ríkið tekur yfir rekstur lögreglunnar, en áður voru lögreglumenn starfsmenn sveitarfélaga.

### **1973-1974 – Fyrsti dómari með aðsetur á Suðurnesjum**

Alþingi setur lög nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Heimilað er að skipa 1-2 dómara við embætti bæjarfúgetans í Keflavík. Jón Eysteinnsson var skipaður héraðsdómari í Keflavík og Gullbringusýslu frá 1. janúar 1973 og svo einnig héraðsdómari í Grindavík frá 1. maí 1974.

### **1974 - Bæjarfúgetinn í Garðakaupstað, Hafnarfirði og Seltjarnarneskaupstað.**

#### **Sýslumaður í Kjósarsýslu**

Seltjarnarneshreppur og Garðahreppur urðu kaupstaðir 1974. Bæjarfúgetinn í Hafnarfirði varð jafnframt bæjarfúgeti í þessum kaupstöðum. Í Kjósarsýslu voru Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

Bæjarfúgetinn í Hafnarfirði varð jafnframt Sýslumaður í Kjósarsýslu

### **1974 – Bæjarfúgetinn í Keflavík og Grindavík. Sýslumaður Gullbringusýslu**

Fyrir forgöngu Geirs Gunnarssonar og Karls G. Sigurbergssonar urðu til sérstök lögsagnarumdæmi á Suðurnesjum og voru lög þess efnis samþykkt á Alþingi 24. apríl 1973 og tóku gildi 1. janúar 1974.

Í Gullbringusýslu voru Grindavíkurbæ, Hafnarhreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurbæ og Vatnsleysustrandarhreppur.

Bæjarfúgetinn í Keflavík varð jafnframt Sýslumaður í Gullbringusýslu

Grindavík hlaut kaupstaðarréttindi 10. apríl 1974.

1975 - Jón Eysteinnsson skipaður sýslumaður 1. október 1975.

### **1976 – Bæjarfúgetinn í, Keflavík, Njarðvík og Grindavík. Sýslumaður**

#### **Gullbringusýslu.**

Njarðvík 1. janúar 1976. Bæjarfúgetinn í Keflavík varð jafnframt bæjarfúgeti í Grindavík og Njarðvík.

### **1992 – Aðskilnaður dómsvalds og umboðsvalds**

Þann 1. júlí 1992 tóku gildi lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði nr. 92/1989. Hugtakið bæjarfúgeti féll niður og sýslumenn voru kenndir við staði.

Bæjarfúgetinn í Keflavík, Njarðvík og Grindavík og Sýslumaður Gullbringusýslu heitir nú Sýslumaðurinn í Keflavík. Lögreglustjórinn á Keflavíkurbflugvelli verður

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Garðakaupstað og Seltjarneskaupstað og sýslumaður Kjósarsýslu verður sýslumaðurinn í Hafnarfirði. Hugtakið Gullbringusýsla er ekki lengur notað og má segja að þetta aldagamla heiti stjórnarsýsluumdæmis sýslumanna leggist af með lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

**2006** – Jón Eysteinnsson lætur af störfum 30. september vegna aldurs. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, er settur sýslumaður í Keflavík frá 1. október 2006 til 14. nóvember 2006. Ásgeir Eiríksson, staðgengill sýslumannsins í Keflavík, er settur sýslumaður í Keflavík frá 15. nóvember 2006 til 31. desember 2006.

**2007** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum var stofnað 1. janúar 2007. Með lögum nr. 46/2006 var lögreglulögum nr. 90/1996 breytt og stjórn lögreglunnar færð frá sýslumanninum í Keflavík til þessa nýja embættis. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, sem jafnframt er sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, fór með lögreglustjórn á svæði sem nær yfir Grindavík, Sandgerði, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Voga auk þeirra svæða á Suðurnesjum sem eru varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. Jóhann Ragnar Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, var skipaður lögreglustjóri. Hann gegndi embættinu til 1. október 2008, en baðst þá lausnar. Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, gengdi embættinu frá haustmáðum 2008 þar til Sigríður Björk Guðjónsdóttir var skipuð.

**2007** – Guðgeir Eyjólfsson skipaður sýslumaður í Keflavík frá 1. janúar 2007.

**1. janúar 2007** – **Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli tekur við lögreglustjórn á Suðurnesjum. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum stofnað.** Jóhann Ragnar Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, var skipaður lögreglustjóri, en hann gengdi embættinu til 1. október 2008, en baðst þá lausnar.

**2008 Sýslumannsverkefni á Keflavíkurflugvelli**

Sýslumaðurinn í Keflavík tekur þann 31. maí 2008 við verkefnum af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli skv. reglugerð nr. 506/2008.

**2008** – Þórólfur Halldórsson skipaður sýslumaður í Keflavík frá 15. júlí 2008.

**2009** - **Sigríður Björk Guðjónsdóttir**, aðstoðarríkislögreglustjóri, var skipuð lögreglustjóri á Suðurnesjum frá 1. janúar 2009.

**2011** – **Dómþinghá lögð niður í Keflavík með reglugerð 1109/2010**

Þann 30. júní 2011 hætti Héraðsdómur Reykjaness að halda dómþing að Vatnsnesvegi 33, Keflavík. Dómþing fyrir Suðurnesjamenn er hér eftir einungis í Hafnarfirði.

**1. september 2014** - **Ólafur Helgi Kjartansson skipaður lögreglustjóri.**

Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, hefur verið skipaður lögreglustjórinn á Suðurnesjum frá og með 1. september 2014, en Sigríður Björk hefur verið skipuð lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

**1. janúar 2015** – **Sýslumaðurinn á Suðurnesjum, Ásdís Ármannsdóttir.**

Þann 14. maí 2014 eru samþykkt lög frá Alþingi um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði og jafnframt er samþykkt breyting á lögreglulögum nr. 90/1996. Sýslumannsembættum er fækkað úr 24 í 9 og lögreglustjóraembættum úr 15 í 9. Lögin taka gildi 1. janúar 2015. Á Suðurnesjum hafði aðskilnaður lögreglu og sýslumanns farið fram árið 2007, en með nýju lögunum breytist heiti sýslumannsembættisins í sýslumaðurinn á Suðurnesjum. Ásdís Ármannsdóttir verður sýslumaðurinn á Suðurnesjum, en Þórólfur Halldórsson verður sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

---

Heimild: Eyþór Þórðarson, Stjórnsýsla í Gullbringusýslu, birtist í Árbók Suðurnesja 1984-85. Viðbætur teknar saman af Ásgeiri Eiríkssyni, staðgengli sýslumannsins í Keflavík.